



Góður árangur í áhaldafimleikum!

Agnes suto Tuuha og Valgarð Reinhardsson Íslandsmeistarar í fjölþraut

Íslandsmótið í áhaldafimleikum fór fram í Laugabóli í marsmánuði þar sem Gerplufólk kom sá og sigraði.

Gerpla vann í heilidina ellefu Íslandsmeistaratitla af tólf mögulegum í fullorðinsflokki.

Svo flottur árangur náðist síðast á Íslandsmótinu árið 2012 þegar Róbert Kristmannsson og Thelma Rut Hermannsdóttir voru í framlínu Gerplu.

Í karlaflokknum var það Valgarð Reinhardsson sem var sigursælastur en hann sigraði í fjölþraut í karlaflokki og hampaði fjórum titlum af sex á einstökum áhöldum. Valgarð sigraði einnig hringi, stökk, tvíslá og svífrá en þeir Eypór Örn Baldursson og Arnþór Daði Jónasson fengu einn titil hvor, Eypór á gólfi og Arnþór Daði á bogahesti. Þessir Íslandsmeistarar eru allir þjálfaðir af Róberti Kristmannssyni.

Í kvennaflokknum var það Agnes Suto Tuuha sem hampaði Íslandsmeistaratitlinum í fjölþraut en hún hefur lengi keppt að því að ná í þennan titil. Hún varð einnig Íslandsmeistari á tvíslá en Sunna Kristín Ríkhardsdóttir á sínu fyrsta ári í fullorðinsflokki varð Íslandsmeistari á jafnvægisslá og reynsluboltinn Andrea Ingibjörg Orradóttir hampaði titlinum á stökki.

Í unglingaflokki unnust samtals fjórir Íslandsmeistaratitlar en Hildur Maja Guðmundsdóttir sigraði bæði stökk og gólfæingar en í drengjaflokknum voru það Dagur Kári Ólafsson sem varð Íslandsmeistari á bogahesti og Ágúst Ingi Davíðsson sem sigraði æfingar á hringjum.

Keppendur Gerplu voru duglegir að raða sér í efstu sætin en í karlaflokknum voru það ásamt þeim sem unnu titla Martin Bjarni Guðmundsson með samtals 6 verðlaun, Arnór Már Mátsson með tvenn verðlaun og Guðjón Bjarki Hildarson með ein verðlaun. Í unglingaflokki karla var ásamt þeim Degi Kára og Ágústi Inga hann Valdimar Matthíasson sem nældi sér í samtals þrenn verðlaun.

Í kvennaflokknum voru það ásamt Íslandsmeisturunum þær Thelma Aðalsteinsdóttir, Birta Björg Alexandersdóttir og Tinna Sif Teitsdóttir sem nældu sér í ein verðlaun hver. Í unglingaflokki kvenna voru það ásamt Hildi Maju þær Hera Lind Gunnarsdóttir og Dagný Björt Axelsdóttir sem unnu til silfurverðlauna hvor á sínu áhaldinu.

Í þrepunum eignuðumst við einn Íslandsmeistara í 3.þrepi 12 ára og yngri en það var hún Sigrún Björk Baldursdóttir sem átti frábæran dag og uppskar gullið.



Bikarmót í hópfirmleikum 2019



Blandað lið og karlalið Gerplu Bikarmeistarar

Bikarmótið í hópfirmleikum fór fram á Selfossi í lok febrúar en karlalið Gerplu sigraði örugglega eftir keppni við lið Stjörnnunnar. Í kvennaflokki urðu Gerplustelpur í 2.sæti eftir harða keppni við lið Stjörnnunnar. Í flokki blandaðra liða var Gerpluliðið eina liðið mætt til leiks en þátttaka mótinu var partur af því að ná keppnisrétti á Norðurlandamótinu í hópfirmleikum í haust. Í 1.flokki var mjög hörð keppni og tefldu Gerplustúlkur djarft á trampólíni og gekk það því miður ekki upp að þessu sinni, enduðu í 3.sæti en þær söfnuðu góðri reynslu sem nýtist á Íslandsmótinu í apríl.

Í yngri flokkum urðu lið 5.flokks, 3.flokks og 2.flokks kvenna bikarmeistarar í flokki kky sigraði lið Gerplu 1 með yfirburðum og voru krýndir bikarmeistarar.





Bikarmeistarar í áhaldafimleikum

Bæði karla og kvennalið Gerplu í áhaldafimleikum lönduðu bikarmeistaratitlinum



Strákarnir unnu tvöfalt 1. og 2.sæti á bikarmóttinu og blandað lið Ármanns og Bjarka í 3.sæti. Stelpurnar okkar sigruðu með nokkrum yfirburðum þetta árið en lið Bjarkanna varð í 2.sæti og lið Gróttu í 3.sæti en ungt lið Gerplu 2 í kvennaflokki lentu í 4.sæti fast á hæla liðs Gróttu. 1.þrep drengirnir okkar urðu einnig bikarmeistarar og fyrsta og annað þrep kvenna nældu í 2.sæti eftir harða keppni.



Vinamót í 5.flokki í hópþímleikum

Rán og Ármann heimsóttu Gerplustelpur

Í byrjun mars héldum við vinamót í 5.flokki í hópþímleikum fyrir liðin sem voru ekki tilbúin til að keppa á bikarmóttinu í hópþímleikum. Þímleikasambandið herti kröfur um þátttöku á Þímleikasambandsmótum og því var tilvalið að halda boðsmót til að allir fengu verkefni við hæfi. Mótið var hið skemmtilegasta og voru þátttakendur mjög glaðir með daginn.





Vefverslun Gerplu

Inná heimasíðu Gerplu er kominn hlekkur inná vefverslun Gerplu. Þar er hægt að kaupa Gerpluvörur eins og lyklakippur, sundpoka, handklæði og á eitthvað fleira eftir að bætast í úrvalið fljótlega. Mjög sniðugt í afmælis- og tækifærisgjafir. Eins er hægt að fjárfesta í miða á konukvöld Gerplu inni á [vefversluninni](#).

Konukvöld Gerplu 4.maí

Konukvöld Gerplu verður haldið í annað sinn laugardaginn 4.maí. Gleðin verður haldin í Versölum 3 í Vestursalnum. Síðast seldist upp og voru allir á sama máli að það hefði verið mikið fjör og gleði. Takmarkaður fjöldi miða er í boði en hægt er að kaupa miða [hér](#).

Landsliðsverkefni vorannar-áhaldafimleikar

Það eru fjölmörg verkefni framundan hjá landsliðsfólkinu okkar í áhaldafimleikum. Núna í vikunni er Evrópmótið í áhaldafimleikum haldið í Pólandi en þar keppa frá Gerplu þau Agnes Suto Tuuha, Thelma Aðalsteinsdóttir, Eyþór Örn Baldursson og Valgarð Reiðardsson. Á Norðurlandamóti unglinga drengja eru þeir Ágúst Ingi Davíðsson, Dagur Kári Ólafsson, Martin Bjarni Guðmundsson og Valdimar Matthíasson. Á norðurlandamóti unglinga stúlkna eigum við Hildi Maju Guðmundsdóttur og Heru Lind Gunnarsdóttur og í flokki U-14 drengja er Arnar Arason. NM er í Svíþjóð.



Félagsgjöld Gerplu 2019

Gerpla hefur nú sent út til félagsmanna valgreiðslu í heimabanka. Félagsgjaldið er 2500kr. fyrir tímabilið 2018-2019 en það var sú upphæð sem var samþykkt á síðasta aðalfundi félagsins.

Með því að greiða félagsgjald Gerplu styrkir þú starfsemi félagsins og í ár fer styrkurinn til endurmenntunar og fræðslu þjálfara í félaginu en ákveðið var að árgjaldið ár hvert myndi alltaf styðja við ákveðin verkefni innan félagsins. Með þessu nær félagið að setja enn meiri kraft í fræðslu og endurmenntun starfsmanna í félaginu en mikill metnaður er fyrir faglegu og góðu starfi innan raða Gerplu.

Engar skyldur aðrar fylgja félagsaðild eða því að greiða valgreiðslukröfuna, en við hvetjum félagsmenn og velunnara til að fylgjast með því starfi sem unnið er í félaginu með því að skoða heimasíðu félagsins á www.gerpla.is, skoða fréttabréf félagsins á gerpla.is og sækja mót og sýningar sem haldin eru á vegum félagsins.





Flottur árangur á Special Olympics í Abu Dabi

Um miðjan mars hélt hópur Íslendinga út á heimsleikana Special Olympics. Þetta er eitt stærsta íþróttamót heims og er haldið fjórða hvert ár en leikarnir fóru fram í Abu Dhabi. Leikarnir stóðu yfir frá 14.-21.mars en Íþróttafélagið Gerpla átti tvo þátttakendur á mótinu sem kepptu í áhaldafimleikum. Það voru þeir Magnús Orri Arnarsson og Unnar Ingi Ingólfsson. Með þeim í för voru þjálfararnir Eva Hrund Gunnarsdóttir og Axel Ólafur Þórhannesson

Unnar Ingi átti frábært mót og sýndi sínar bestu æfingar og uppskar sigur á stökki og vann brons í hringjum. Einnig lenti hann í 4.sæti á svifrá, 5.sæti á tvíslá og gólfi, og 7.sæti á bogahesti. Hann endaði því í 6.sæti í fjölpbraut sem er frábær árangur. Magnús Orri sýndi líka frábærar æfingar og varð í 4.sæti á tvíslá og 5.sæti í hringjum. Við óskum þeim Unnari Inga og Magnúsi Orra innilega til hamingju með frábæran árangur. Strákarnir áttu frábæra daga í Abu Dhabi og öðluðust mikla reynslu og einstaka upplifun.



Íslandsmót í Special Olympics

Magnús Orri Arnarson Gerplu og Erla Björg Haraldsdóttir Gerplu voru krýnd Íslandsmeistarar Special Olympics í dag. Í A-þrepi kvenna Varð Erla Björg í fyrsta sæti, María Ragnhildur Ragnarsdóttir frá Nes í 2.sæti og Elva Björg Gunnarsdóttir í því þriðja. Í B-þrepi kvenna varð Snædís Ósk Egilsdóttir Gerplu í 1.sæti, Marta Jane Guðmundsdóttir Gerplu í öðru sæti og Arna Ýr Jónsdóttir varð í því þriðja. Í A-þrepi karla sigraði Magnús Orri Arnarson, Birkir Eiðsson varð í 2.sæti og Davíð Þór Torfason í þriðja sæti allir úr Gerplu. Í B-þrepi karla sigraði Tómas Örn Rúnarsson, Unnar Ingi Ingólfsson varð í 2.sæti og Hringur Úlfarsson í því þriðja allir úr Gerplu. Sérstakir gestir voru mættir til að veita verðlaunin í þessum flokkum en það voru þau Anna Karólína Vilhjálmisdóttir framkvæmdastjóri Special Olympics á Íslandi og Daði Þorkelsson fulltrúi kyndilhlaups heimsleika Special Olympics.





Sumarbolur Gerplu mættur í hús



Sumarbolur Gerplu
Verð: 7900kr.
Fæst í afgreiðslu Gerplu
Versölum 3

Ákveðið var að prufa að gera bol fyrir sumarið ef einhverjar stúlkur myndu vilja sumarbol. Bolurinn er í sumarlegum litum og það stendur á honum Gerpla. Bolurinn var pantaður inn í öllum stærðum í takmörkuðu upplagi en ef það verður meiri eftirspurn þá pöntum við fleiri eintök. Því miður hefur eftirspurnin eftir strákasumarbol verið engin en vonandi einhverntíma. Það væri gaman að heyra frá foreldrum drengja hvort það væri áhugi að gera einhvern sérmerktan bol fyrir þá.

Lemon í Versölum

Eins og þið hafið kannski tekið eftir hefur Lemon opnað útibú í Versölum. Þau vilja endilega gefa iðkendum Gerplu tilboð og fylgir póstur frá þeim hér fyrir neðan.

Kæru Gerpluiðkendum,

Við hjá Lemon viljum þakka ykkur fyrir góðar móttökur í Salalaugina.

Í tilefni af komu okkar í Salalaugina viljum við bjóða iðkendum Gerplu 15% afslátt af klippikortum.

Við bjóðum upp á:

- Lítið kombókort, 5 lítlar samlokur og 5 lítir djúsar á krónur 6460,-
- Djús kort, 10 stórir djúsar á krónu 8598,-

Með kærri kveðju
Starfsfólk Lemon í Salalauginni.